

**Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands.
18.-19. okt. 2001.**

Ályktun um starfsmenntamál.

Ársfundur Starfsgreinasamband Íslands telur að með samningsákvæðum í síðustu kjarasamningum um starfsmenntasjóði hafi verið brotið blað í starfsmenntamálum sambandsins, og þar með lagður grundvöllur að bættri þekkingu og aukinni hæfni meðal allra félagsmanna sambandsins. Möguleikar til stöðugrar starfsmenntunar eru forsenda þess að launafólk geti aukið möguleika sína til starfsþróunar og bættra kjara.

Það er því úrslitaatriði að við næstu kjarasamninga verði það á forgangslista forystu sambandsins að viðhalda starfsmenntasjóðum. Því til viðbótar þarf að leggja áherslu á að fá í auknum mæli kjarasamningsbundinn rétt til að stunda starfsmenntun í vinnutíma. Starfsmenntun kemur bæði launamanni og atvinnurekenda til góða, leggur grunn að aukinni framleiðni og bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja sem mun skila sér í betri kjörum til launafólks.

Ársfundurinn leggur áherslu á að hæfnismat einstaklinga (námsmat) geti verið grunnur að frekari uppbyggingu í fræðslustarfi hvers einstaklings. Þannig verði öllum launamönnum gert kleift að fá starfsreynslu sína og þekkingu metna sem grundvöll að frekara námi.

Starfsgreinaráð sem skipuð eru af menntamálaráðherra á grundvelli framhaldsskólalaga hafa myndað tengsl á vettvangi starfsmenntamála á milli launafólks innan Starfsgreinasambandsins og faghópa innan verkalýðshreyfingarinnar annarsvegar en opinbera skólakerfis hinsvegar. Þessi tengsl þarf að styrkja og nýta til frekari uppbyggingar á starfsmenntamöguleikum almenns launafólks.

Ársfundurinn leggur áherslu á sambærilegan rétt milli fræðslusjóða og jafnan rétt fyrirtækja og verkalýðsfélaga til styrkja úr sjóðunum og hvetur til aukinnar samvinnu þeirra til framtíðar. Ársfundurinn telur einnig að einfalda megi uppbyggingu og vinnu við starfsmenntamál, auka upplýsingastreymi og kynningu á skipulagi starfsmenntamála.

Fundurinn leggur áherslu á að komið verði á fræðslumiðstöð höfuðborgarsvæðisins þar sem aðilar vinnumarkaðarins og fræðsluaðilar með þátttöku sveitarfélaganna starfi saman að skipulagningu og framkvæmd starfsmenntamála. Ennfremur leggur fundurinn áherslu á að fræðslumiðstöðvar sem þegar eru starfræktar á landsbyggðinni verði eflar.

Fundurinn beinir því til framkvæmdastjórnar Starfsgreinasambandsins að hún muni á næstu misserum beita sér fyrir umræðu og stefnumótun innan sambandsins í starfsmenntamálum.

